

- 30** 2. Um sölu til Hollands á ákveðnum hundraðshluta af útfluttu sildarmjöli af vetrarframleiðslu 1949—50.
14. apríl 3. Um sölu til Hollands á 3000 smál. af fiskimjöli, framleiddu fyrri hluta árs 1950.
4. Um sölu til Hollands á 4000 smál. af þorskalýsi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 14. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

31

14. apríl

AUGLÝSING

um framlengingu á viðskiptasamkomulagi milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 31. marz 1950 var undirrituð í Stokkhólmi bókun um framlengingu til eins árs, eða til 31. marz 1951, á viðskiptasamkomulagi því, er undirritað var í Stokkhólmi 16. júní 1945, með smávægilegum breytingum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 14. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

32

18. apríl

AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Finnlands.

Hinn 6. marz 1950 var undirritaður í Helsingfors viðskiptasamningur milli Íslands og Finnlands.

Viðskiptasamningurinn gildir frá 1. marz 1950 til 28. febrúar 1951, og er með honum felldur úr gildi viðskiptasamningurinn frá 20. maí 1949. Verði samningnum ekki sagt upp fyrir árslok 1950, framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár.

Samkvæmt hinum nýja viðskiptasamningi er gert ráð fyrir, að Finnar kaupí af Íslendingum:

2 800 smál. af sild.

200 — — hertu þorska- eða sildarlýsi.

60 — — meðalalýsi.

90 — — fódurlýsi.

25 — — iðnaðarlýsi.

3½ af hundraði af því sildarmjöli, sem verður flutt úr af framleiðslu sumarsins 1950, þó ekki yfir 1000 smálestir.

Kindagarnir fyrir 10 000 sterlingspund.

Auk þess eru möguleikar á sölu til Finnlands á hraðfrystum fiski, söltuðum gærum o. e. t. v. fleiri vörum.